

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
13.04.22	17:00	Lögberg 101	11
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Vaka Lind Birkisdóttir		13.03.22
Fundaraðilar mættir			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b>			
Rebekka Karlsdóttir (Röskva)			
Gísli Laufeyjarsen Höskuldsson fyrir Ernu Leu Bergsteinsdóttur (Röskva)			
Stefán Kári Ottósson (Röskva)			
Birta Karen Tryggvadóttir fyrir Elleni Geirsdóttur Hákansson (Vaka)			
<b><u>Heilbrigðisvísindasvið:</u></b>			
Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva) Teams			
Margrét Jóhannesdóttir (Röskva) Teams			
<b><u>Hugvísindasvið:</u></b>			
Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva)			
Rakel Anna Boulter fyrir Önnu Maríu Björnsdóttur (Röskva)			
Brynjólfur Skúlason (Röskva)			
<b><u>Menntavísindasvið:</u></b>			
Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)			
Erlingur Sigvaldason (Röskva)			
<b><u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u></b>			
Guðrún Ísabella Kjartansdóttir fyrir Ingu Huld Ármann (Röskva)			
<b><u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u></b>			
Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ			
Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra SHÍ			
Alma Ágústsdóttir, alþjóðafulltrúi SHÍ			
Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir			
Dagmar Óladóttir			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b>			
Kjartan Ragnarsson			
<b><u>Heilbrigðisvísindasvið:</u></b>			
Kristján Guðmundsson			
<b><u>Hugvísindasvið:</u></b>			
<b><u>Menntavísindasvið:</u></b>			

Rósa Halldórsdóttir

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Ingvar Þóroddsson

Helena Gylfadóttir

## Fundardagskrá

### Fundur Stúdentaráðs 13. apríl 2022 í L-101 kl. 17:00

*Agenda Student Council Meeting on April 13th 2022 in L-101 at 17:00*

1. Fundur settur 17:00

*Meeting begins*

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:25

*Announcements and issues ahead*

4. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 (kynning og umræður) 17:25-17:40

*The Student Council's financial plan for 2021-2022*

5. Lagabreytingartillögur á lögum Stúdentaráðs 17:40-18:10

*Legislative amendments to the Student Council's Law*

6. Hlé 18:10-18:20

*Intermission*

7. Lagabreytingartillögur á lögum Stúdentaráðs [Framhald] 18:20-18:50

*Legislative amendments to the Student Council's Law [Continued]*

8. Önnur mál 18:50-19:00

*Other issues*

9. Fundi slitið 19:00

*Meeting ends*

1. Fundur settur 17:15

*Meeting begins*

- a. Fundur hefst á dagskrárlíð nr. 2, *Tilkynningar og mál á döfinni*, þar sem beðið er eftir fundarfólki. Dagskránni er því breytt hér að neðan. Samþykki fundargerðar verður að dagskrárlíð nr. 3.

2. Tilkynningar og mál á döfinni 17:15-17:38

*Announcements and issues ahead*

- a. **Kosningar:** Allar upplýsingar um [fyrirkomulag kosninga](#) og [niðurstöður](#) til Stúdentaráðs og háskólaráðs eru að finna á [student.is](#). Þá mun kjörstjórn skila af sér skýrslu sem fer að öllum líkindum inn í ársskýrslu Stúdentaráðs 2021-2022.
- b. **EUROSTUDENT VIII:** Alþjóðleg könnun sem safnar gögnum um félags- og fjárhagslegar aðstæður háskólastúdenta í Evrópu. Áttunda umferð er að fara af stað fljótlega, vonandi fyrri part apríl, og mun vera opin fyrir svörun út maí mánuð. Í samstarfi við Maskínu mun LÍS og þá Stúdentaráð taka þátt í því að dreifa henni, enda mjög mikilvægt að hún fái góða svörun. Úrvinnslutíminn er fram að seinni part ársins 2023.
- c. **Viðmið kennsluaðstöðu:** Háskóli Íslands ætlar að skrásetja samræmd viðmið um uppsetningu, notkun og rekstur þeirrar aðstöðu sem boðin er til kennslu. Viðmiðin ná meðal annars til húsnæðis, húsgagna, tæknibúnaðar, og hljóðvistar. Útbúin verður handbók sem lýsir möguleikum og fyrirkomulagi kennsluaðstöðu og samræmir þau ferli sem felast í notkun og rekstri. Eftir að handbókin kemur út, snemma á vormisseri 2023, verður hún grunnur að vinnu við endurbætur, uppbyggingu og rekstur kennslurýma HÍ og mun auðvelda starfsfólki að nýta kennslurými sem best. SHÍ og stúdentum öllum býðst að koma með athugasemdir sem við ættum að nýta okkur. Það verður komið því á framfæri við fráfarandi og nýtt Stúdentaráð.
- d. **Geðheilbrigðishópur HÍ:** Hittist fyrir sumarfrí í lok mars og tók árið saman. Á árinu hefur verið bætt við núvitundarnámskeið sem er nú kennt á bæði íslensku og ensku. Eitt HAM námskeið og HAM heilbrigði sem áætlað er að fari fram í byrjun maí. Hvatningarviðtöl SÁÁ vegna fíknivanda hafa einnig verið ný af nálinni og kennd á íslensku og ensku. Þá fer félagsráðgjöfin af stað í haust. Biðlistar í einstaklingsviðtöl hjá sálfræðingunum eru enn langir þrátt fyrir að fjórði sálfræðingurinn hafi komið inn í febrúar, og er vilji innan hópsins til að skoða nánar í haust hvort lausnir séu í boði til að mæta eftirspurninni. Hópurinn mun hittast aftur í byrjun næsta skólaárs.

*Erlingur Sigvaldason mætir 17:17*

- e. **Sveitarstjórnarkosningar:** Kosningarnar fara fram 14. maí nk.. Skrifstofan er að íhuga að halda pallborð eða málþing, mjög sambærilegt og í kringum alþingiskosningarnar. Það gæti verið einhver grundvöllur fyrir samstarfi með hagaðilum eða öðrum stúdentahreyfingum en það kemur í ljós. Tíminn er naumur þannig að það er best að halda okkur við einn viðburð og standa vel að honum. Þar sem það eru lokapróf þá er hugmyndin að halda viðburðinn á Háskólatorgi í hádeginu.

- i. Forseti veltir því upp hvort Stúdentaráð hafi þælingar varðandi það hverjum er boðið til þátttöku, oddvitum eða sérstaklega yngri frambjóðendum. Stúdentaráð sammælist um að hafa frambjóðenda úr efstu 4 sætunum - eða einhvern sem er öruggur inn í borgarstjórn. Brynjólfur kemur með athugasemd hvort það sé hægt að hvetja Háskólann á Akureyri og aðra skóla til að halda sambærilegt málþing eins og SHÍ ætlar að gera.
  - ii. Forseti bætir því við að HÍ sé að taka á móti flokkum líkt og gert var fyrir alþingiskosningarnar og að þar muni forseta einnig gefast tækifæri til að koma sjónarmiðum ráðsins á framfæri.
- f. Stefna Stúdentaráðs:** Stefnudrög voru sett inn á heimasvæðið 10. mars, en vegna COVID veikinda á skrifstofunni var henni ekki fært að setja þau inn 3. mars líkt og áætlað var. Farið var stuttlega yfir kaflana á Stúdentaráðsfundi samdægurs og samkvæmt áætlun gefinn frestur til 10. apríl til að koma með athugasemdir. Skrifstofan vinnur úr athugasemdunum og birta uppfærð drög 25. apríl á heimasvæðið aftur. Stúdentaráð mun hafa tækifæri til að koma með frekari athugasemdir til 2. maí. Stefnan mun svo vera lögð undir ráðið til samþykktar á skiptafundinum í maí. Undirstrikað er að yfirlit yfir kafla stefnunnar er að finna á heimasvæðinu í Outlook, en þar eru hlekkir sem leiða í drögin á Drive.
- g. Grunnframfærsla framfærslulána hjá MSNM:** Samkvæmt auglýsingu um setningu úthlutunarreglna Menntasjóðs fyrir skólaárið 2022-2023 mun grunnframfærslan hækka um 18% (31. mars sl). Þetta er auðvitað mikið fagnaðarefni því við höfum sérstaklega talað fyrir hækkun á grunnframfærslunni þannig að hún sé áþreifanlegri stuðningur við stúdenta í námi. Stúdentaráð gaf út yfirlýsingu vegna þessa sem er að finna á [student.is](#), en [úthlutunarreglurnar eru að finna á Stjórnartíðindum](#).
- i. Aðdragandinn er sá að í fyrra, vorið 2021, komumst við nálægt því að sjá hækkun eftir að hafa beitt okkur fyrir því af krafti frá því að MSNM var settur á fót. Þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra fékk það ekki framgengt og það er fagnaðarefni að þetta hafi komist í gegn núna. Samskipti við núverandi ráðherra hafa verið mjög góð.
- h. Könnun Stúdentaráðs:** Hún var birt í byrjun vikunnar. Í stuttu máli hefur viðhorf stúdenta breyst á síðustu tveimur árum, úr því að finna fyrir óöryggi vegna COVID í að hafa áhyggjur af því að hafa ekki góða stjórn á námi og hvernig þær aðstæður hafi áhrif á geðheilsu. Þetta er í takt við tengslakönnunina, sem við fengum kynningu á á haustmisseri, og aðstæður sem við þurfum að fylgjast grannt með, sérstaklega í tengslum við þróun rafrænna kennsluhátta og fjarnám.

- i. Framboð í LÍS:** Forseti minnir á að það er enn hægt að bjóða sig fram í framkvæmdastjórn LÍS. Frekari upplýsingar um stöðurnar eru á heimasíðu samtakana, studentar.is.
  - j. Verkefnastjóri SHÍ:** Verkefnastjóri hefur lokið við minnisblaðið um foreldra í námi og það mun birtast á heimasíðu Stúdentaráðs en er þegar aðgengilegt ráðinu á heimasvæðinu í Outlook.
  - k. Kjörfundur og skiptafundur:** Kjörfundur fer fram 20. apríl og eru einungis ný kjörnir fulltrúar eru með atkvæðisrétt á þeim fundi. Viðvera fráfarandi Stúdentaráðsliða er ekki nauðsynleg, en hún er mjög velkomin. Skiptafundur er ákvarðaður í samráði við ný kjörið ráð og skrifstofu og því er ekki búið að staðfesta dagsetningu. Gera má þó ráð fyrir að fundurinn verði um miðjan maí. Á þeim fundi er óskað eftir viðveru fráfarandi Stúdentaráðsliða.
  - l. Viðburðadagatal:** Eftir eru nokkrir staðfestir viðburðir í apríl og maí, þeir eru eftirfarandi:

    - i. Partý bingó þann 20. apríl í Kolaportinu
    - ii. Karaoke alþjóðanefndar þann 21. apríl
    - iii. Aurora Biannual dagana 10. - 12. maí sem alþjóðafulltrúi og forseti sækja í Innsbruck Austurríki
    - iv. Sumarfestival SHÍ þann 20. maí
  - m. Stjórn Stúdentaráðs:** Stjórn fundaði 7. apríl og þar var rætt um sveitastjórnarkosningarnar, farið yfir stöðu á öllum málunum sem eru inni á borði skrifstofunnar og sömuleiðis hjá sviðsráðunum.

    - i. Rebekka kemur því að að það er komin fram tillaga um sjúkra-og endurtökupróf frá stjórn FVS til kennslusviðs. Forseti bætir við að því næst fer tillagan til háskólaráðs og því útlit fyrir að málið klárast fyrir lok starfsársins þar. Það væri heillaskref fyrir nemendur á FVS.
3. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:38-17:40
- Vote/approval on minutes from last meeting*
- a.** Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is) fyrir fund svo framkvæmdastýra geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.
  - b. Fundargerð er samþykkt með 11 atkvæðum, 1 situr hjá.**
4. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 (kynning og umræður) 17:25-17:40
- The Student Council's financial plan for 2021-2022*

- a. Framkvæmdastýra kynnir fjárhagsáætlun Stúdentaráðs 2021-2022 og einna helst þeim breytingum sem hafa orðið frá því að hún var síðast til umræðu hjá Stúdentaráði. Stærstu breytingin á starfsárinu var stuðningurinn frá HÍ.

## 5. Lagabreytingartillögur á lögum Stúdentaráðs 17:48-18:45

### *Legislative amendments to the Student Council's Law*

- a. Fyrsti helmingur þeirra lagabreytingartillagna sem bárust verða teknar undir þessum dagskrárlið. Forseti og forseti lagabreytinganefndar fara yfir tillögurnar.
  - i. **Lagabreytingartillaga nr. 1 vegna:** I. kafli, Nafn og tilgangur í 1 kafla. Lögð er til einföld breyting á orðavali sem tillöguberar telja að lýsi betur starfsemi Stúdentaráðs.
    1. Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum
  - ii. **Lagabreytingartillaga nr. 2 vegna:** 5. gr., stjórnskipan Stúdentaráðs og sviðsráða. Lagt er til að heiti 5. gr. II. kafla sé breytt og orðið *sviðsráð* falli niður þar sem kaflinn kveður á um almenn ákvæði og stjórnskipan sviðsráða er tekið fyrir í 8. gr. III. kafla og aftur í IV. kafla um sviðsráð og hlutverk þess. Einnig eru smáar málfræði- og orðalagsbreytingar til samræmingar á heildartextanum. Þá er lagt til að nýr g-liður bætist við 5. gr. sem kveður á um heimild Stúdentaráðs til að fela nefndum, einstaklingum eða starfshópum sérstök verkefni og hvernig þeim verkefnum skuli gera skil. Sá liður myndi þá færast úr 20. gr. um skipulag nefnda í V. kafla um nefndir, þar sem téður kafli snýr að hlutverki og stjórnskipan nefndana en hefur t.a.m. ekkert með það að gera hvort Stúdentaráð hafi heimild til að stofna sérstaka starfshópa eða fela öðrum einstaklingum að taka að sér afmarkaðri verkefni.
    1. Tillagan er geymd kl. 18:01 til 18:47 þar sem það var örlítill villa. Forseti útskýrði og gengið var til atkvæðagreiðslu
    2. Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum
  - iii. **Lagabreytingartillaga nr. 3 vegna:** 6. gr., skipun helstu embætta. Hér eru um að ræða orðalagsbreytingar þannig að textinn falli betur að. Það er t.a.m. lagt til að í upptalningunni um kjörin embætti á skrifstofuna sé *SHÍ* tekið út rétt á eftir *lánasjóðsfulltrúa* þar sem það er ekki einungis sá fulltrúi sem starfar fyrir Stúdentaráð. Í því samhengi er lagt til að orðið Stúdentaráð sé staðsett aftast í upptalningunni þannig að ljóst sé að öll embættin sem talin eru upp heyra undir ráðið. Til viðbótar eru málfræðibreytingar á borð við leiðréttingu á beygingu orðanna.

1. Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum
- iv. **Lagabreytingartillaga nr. 4 vegna: 7. gr., kjörin embætti.** 7. gr. laganna kveður á um kjör, framkvæmd og jafnvel hlutverk kjörinna embætta og er því fremur löng ásamt því að geta verið ruglingsleg. Til að byrja er lagt til að b-liður falli niður og bætist við a-lið. Í framhaldinu eru lagt til að breyta c-liði til l-liði í i. til x. töluliði undir a-lið, þar sem a-liður kveður á um fyrirkomulag á skipun embætta á kjörfundi auk kjörgengi á fundinum. Þá er nánari fyriræli bætt við í e-lið um skipun fulltrúa stúdenta í Félagsstofnun stúdenta sem hefur verið ábótavant og til samræmis verklagsreglnanna. Til viðbótar eru breytingar á orðavali í f-lið og g-lið ásamt því að skýra betur skipun fulltrúa sviðsráða í Stúdentasjóð í i-lið.

1. **Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

- v. **Lagabreytingartillaga nr. 5 vegna: 8. gr., stjórnskipan Stúdentaráðs og sviðsráða.** Núverandi fyrirkomulag á skipun sviðsráðsforseta er þannig að nýkjörnir Stúdentaráðsliðar koma saman á hverju fræðasviði fyrir sig og kjósa sér sviðsráðsforseta, skv. b-lið 8. gr. laga Stúdentaráðs. Fyrirkomulagið er með þessum hætti vegna þess að sviðsráðsforseti á að sitja bæði í Stúdentaráði og sviðsráði, til að tryggja skilvirgni og upplýsingaflæði meðal kjörnu fulltrúana innan sviðsins. Hinir fjóru fulltrúarnir sem sitja í sviðsráði eru síðan tilnefndir og kjörnir á kjörfundi skv. a-lið 18. gr. laganna, alveg eins og nefndarmeðlimirnir. Hér er verið að leggja til að skýra fyrirkomulagið betur á b-liði 8. gr. þannig að það sé skiljast að sviðsráðsforsetinn sé skipaður **fyrir kjörfund**. Þannig liggur stjórn Stúdentaráðs strax fyrir og getur hafist handa með verkefni sínu, t.a.m. getur ráðningarferlið á skrifstofuna hafist án tafar. Til samræmis þessu er einnig lögð fram [lagabreytingartillaga á 18. gr. laga](#) Stúdentaráðs.

1. Birta kemur með punkt varðandi hefðina, hvort það eigi ekki að vera fyrsti maður inn sem hlýtur hlutverk forseta sviðsráðs, þó hann fái ekki meirihluta á því sviði.
2. Rebekka bendir á að sviðsráðsforseti kemur yfirleitt úr röðum meirihluta, líkt og gengur og gerist á öðrum vettvöngum t.d. alþingi eða borgarstjórn sem við kennum okkur oft við.
3. Birta svarar því að fyrirkomulagið sé núna þannig að það er kosið innan sviðsráðsins um forseta, en hvort það hafi verið hefð að fyrsti maður inn fær að vera forseti sviðsráðsins. Hún nefnir að það hafi komið upp fyrir nokkrum árum á FVS, þ.e.a.s. að fyrsti maður inn var svo í minnihluta og fékk því ekki forsætið.

4. Vangaveltur með lögum og hvort þau taki á þessu.
5. Forseti segist skilja þælingarnar sem hefur verið varpað fram og að það sé jafnframt skiljanlegt að meirihlutafylking hljóti forsætið, alveg eins og fyrirkomulagið er í nefndum SHÍ. Það er erfitt að ákvæðin í lögnum séu það ítarleg að þau taki á svona hlutum, því það gæti verið galli að ramma þau fyrir tvær fylkingar ef ske kynni að þriðja framboðið eða einstaklingsframboð berist. Forseti er hins vegar á því að það megi skerpa á þessu í verklagsreglum og það sé þá undir næsta SHÍ.

6. **Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

vi. **Lagabreytingartillaga nr. 6 vegna: 11. gr., fundarboð**

**Stúdentaráðsfundar.** Lagðar eru til breytingar á orðalagi og uppstokkun c-liðar í þrjá nýja liði; nýjan d-lið og nýjan e-lið. Með þessu móti er flæðið betra í allri 11. gr..

1. Lilja spyr um að breyta *sviðsráð* í svið í d-lið, vegna þess að það eru leifar af gamla kerfinu að tala um að meirihluti hvers sviðsráðs sé nóg upp á lögmati fundar, vegna þess að sviðsráðin og Stúdentaráðsliðarnir eru aðgreindir. Stúdentaráðsliðar sitja ekki endilega í sviðsráði.
2. **Atkvæðagreiðsla vegna breytingartillögu: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**
3. **Atkvæðagreiðsla vegna lagabreytingartillögu í heild sinni: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

vii. **Lagabreytingartillaga nr. 7 vegna: 15. gr., fundarskóp Stúdentaráðs.** Lagt er til breytingu á orðalagi þannig að textinn falli betur inn í upptalninguna á greininni.

1. **Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

viii. **Lagabreytingartillaga nr. 8 vegna: 16. gr., málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisréttur á Stúdentaráðsfundi.** Lagt er til að skerpt verði betur á að fulltrúar í nefndum Stúdentaráðs hafi málfrelsis- og tillögurétt, og sömuleiðis að fulltrúar í sviðsráðunum njóti sama réttar. Þá er lagt til að f-liður falli niður þar sem g-liður kveður á um starfsfólk réttindaskrifstofunnar, sem forseti og varaforseti eru hluti af.

1. **Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

ix. **Lagabreytingartillaga nr. 9: a., b. og c. liðir 18. gr., sviðsráðsfulltrúar.**

Breytingartillaga þessi er til samræmis breytingartillögunni á b-lið 8. gr. laga Stúdentaráðs. Markmiðið er að skerpa betur á báðum greinum þannig að það



sé skýrt að sviðsráðsforseti sé kjörinn fyrir kjörfund, vegna þess að viðkomandi aðili situr bæði í Stúdentaráði og í sviðsráði. Sjá frekari rökstuðning við lagabreytingartillögu á 8. gr. laganna. Þá kveður nýr b-liður á um að Stúdentaráðsliðar hafi forgang í sviðsráð, líkt og í nefndir. Auk þess að nýr c-liður er til samræmis a-lið 5. gr. laganna.

1. **Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

- x. **Lagabreytingartillaga nr. 10 vegna: k-liður 19. gr., skipulagsnefnd háskólasvæðisins.** Lögð er fram ofangreind breyting í þeim tilgangi að tengja betur fulltrúa Stúdentaráðs í skipulagsnefnd háskólasvæðisins við Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ og tryggja að stefna Stúdentaráðs hverju sinni í skipulags- og samgöngumálum sé komið á framfæri í skipulagsnefnd háskólasvæðisins. Forseti Umhverfis- og samgöngunefndar situr sem fulltrúi Stúdentaráðs í umhverfis- og sjálfbærnefnd háskólans og í stað þess að bæta álagi á forseta nefndarinnar og leggja til að viðkomandi sitji fundi skipulagsnefndar háskólaráðs sem fulltrúi Stúdentaráðs, er þessi breyting lögð til svo Umhverfis- og samgöngunefnd hafi meiri aðkomu að störfum skipulagsnefndarinnar.

1. Dagmar kynnir þessa breytingu - fulltrúi stúdentaráðs
  - a. Forseti leggur til breytingu á *skipulagsnefnd háskólasvæðisins* í *skipulagsnefnd háskólaráðs*.
  - b. **Atkvæðagreiðsla vegna breytingartillögu: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**
  - c. **Atkvæðagreiðsla vegna lagabreytingartillögu í heild sinni: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

- ii. **Lagabreytingartillaga nr. 11: 19. gr., nefndir Stúdentaráðs.** Lagt er til að skýra betur hlutverk fastanefndana í takt við þróun hlutverka þeirra sem og að taka út óþarfa málalengingar í stafliðunum. Þá er einnig lagt til að upptalning nefndana komi í tölulíðum beint á eftir a-lið greinarinnar, í ljósi þess að a-liður kveður á um uppbyggingu og fyrirkomulag þeirra, sambærilegt og e-liður 15. gr. sem kveður á um upptalningu tillöguflokka Stúdentaráðs. Þá eru hluti af a-lið sem kveður á um málfrelsis- og tillögurétt Stúdentaráðsliða sameinaður nýjum b-lið neðst sem kveður á um rétt Stúdentaráðsliðana til forsætis í nefndunum.

1. **Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

6. *Hlé 18:40-18:45*

*Intermission*

7. Lagabreytingartillögur á lögum Stúdentaráðs [Framhald] 18:45-19:09

*Legislative amendments to the Student Council's Law [Continued]*

a. Seinni helmingur þeirra lagabreytingartillaga sem bárust verða teknar undir þessum dagskrárlið. Forseti og forseti lagabreytinganefndar fara yfir tillögurnar.

i. **Lagabreytingartillaga nr. 12 vegna: 20. gr., skipulag nefnda.** Til samræmis lagabreytingartillögu vegna 5. gr., sé hún samþykkt, er g-liður tekinn hér út úr 20. gr. og færður upp í 5. gr., þar sem hann á betur við efnistöð. Þá eru breytingar á orðalagi í a-lið, b-lið og e-lið. Í c-lið eru óþarfa málalengingar teknar út, enda er búið að taka fram í a-lið að forseti fastanefndarinnar sé kjörinn á fyrsta fundi. Þá er fallið frá því að tala um *stefnur* nefnda í að tala um *framkvæmdaáætlanir* í f-lið, þar sem markmiðin sem nefndirnar setja sér eru aðgerðaáætlanir og verkefni sem þær vilja framkvæma frekar en leiðarvísir fyrir störf ráðsins í heild sinni.

1. **Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

ii. **Lagabreytingartillaga nr. 13 vegna: 21. gr., skipan í nefndir háskólaráðs.**

Lagt er til breytingu á staflíðum til að skýra greinina betur. Auk þess að málnefnd háskólaráðs bætt við þar sem Stúdentaráð sér um tilnefningu fulltrúa þar einnig, en það hefur hingað til ekki verið kveðið á í lögnum.

1. Forseti leggur til breytingu á *skipulagsnefnd háskólasvæðisins* í *skipulagsnefnd háskólaráðs*.

2. **Atkvæðagreiðsla vegna breytingartillögu: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

3. **Atkvæðagreiðsla vegna lagabreytingartillögu í heild sinni: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

iii. **Lagabreytingartillaga nr. 14 vegna: 22. gr., stjórn Stúdentaráðs og verkefnin hennar.** Lagðar til breytingar á orðalagi þannig að b-liður flæði betur í textanum.

1. **Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

iv. **Lagabreytingartillaga nr. 15 vegna: 24. gr., starfshættir stjórnar.** Lagt er til að skýr fyrirmæli um atkvæðagreiðslu á fundum stjórnar séu tilgreind, líkt og er gert um atkvæðagreiðslur Stúdentaráðs. Það er bæði til þess að auka gagnsæi og til samræmis fundarsköpum innan annarra eininga ráðsins, sem sérstaklega eru tilgreind í lögum.

1. **Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

v. **Lagabreytingartillaga nr. 16 vegna: 25. gr., skipan skrifstofu**

**Stúdentaráðs.** Lagt er til að greitt sé betur úr textanum sem snýr að hlutverki

alþjóðafulltrúa sem og að leiðrétta heiti *Alþjóðasviðs* við Háskóla Íslands, sem áður var *alþjóðaskrifstofa*.

**1. Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

- vi. Lagabreytingartillaga nr. 17 vegna: 26. gr., ráðning starfsfólks.** Lagt er til að störf til umsóknar á skrifstofu Stúdentaráðs séu auglýst á m.a. opinberu vefsvæði Stúdentaráðs, samfélagsmiðlum þess og í tölvupóst til allra stúdenta. Þá er lagt til að tekið sé út að störfin séu auglýst í útbreiddu dagblaði þar sem Stúdentablaðið og annað útgefið efni ráðsins gæti ekki tekið mið af þessum auglýsingum.

**1. Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

- vii. Lagabreytingartillaga nr. 18 vegna: 27. gr., útgáfa Stúdentaráðs.** Hér er lagt til að fella úr gildi að Stúdentaráð skipi fulltrúa í ritstjórn Stúdentablaðsins. Í gegnum árin hefur það fyrirkomulag verið frekar ritstjórnans að framfylgja, enda hefur hann einn góða yfirsýn yfir heildarskipulag og heildarmynd blaðsins. Ritstjóri, sem er faglega ráðinn, tryggir að blaðið haldist hlutlaust, þ.e.a.s. að það taki ekki afstöðu með hvorugri fylkingu. Ritstjóra er gert það kunnugt við ráðningu og einnig í ráðningarferlinu sjálfu í gegnum viðtölin. Af fenginni reynslu fyrrum ritstjóra og skrifstofu Stúdentaráðs vegur það jafnvel þyngra að fjölbreytileiki í samhengi við fræðasvið ráði för til að gera gott Stúdentablað, óháð öllum fylkingum.

1. Umræður myndast um hvort það sé betra að halda þessu inni. Lilja kemur með ábendingu um að þetta geri ráð fyrir tveggja flokka kerfi, sem við viljum komast hjá.

**2. Atkvæðagreiðsla: samþykkt með 9 atkvæðum, 3 sitja hjá**

- viii. Lagabreytingartillaga nr. 19 vegna: 31. gr. e-liður og f-liður, Kosningar og kjörstjórn.** Lögð er fram ofangreind breyting í þeim tilgangi að auðvelda frambjóðendum að uppfylla kröfur til kjörgengi. Tillöguflytjanda finnst of miklar kröfur lagðar á framboð til stúdenta- og háskólaráðs. Ef litið er til framboða til sveitarstjórnar þurfa framboð í 2001-10.000 íbúa sveitarfélögum að safna 40 undirskriftum og framboð í 10.001-50.000 íbúa sveitarfélögum að safna 80 undirskriftum. Því telur tillöguflytjandi réttast að lækka kröfur um undirskriftir til að auðvelda framboðum að bjóða sig fram.

1. Lilja flytur þessa tillögu fyrir Sindra Freyr sem leggur hana til.
2. Birta kemur með ábendingu um að það sé ekki nógu skýrt um hvernig þarf að skila stuðningslista á blaði eða í rafrænu formi. Þetta þarf að vera skýrar. Því það má víst skila stuðningslista í rafrænu

formi. - hvort tilheyrir þetta á ábyrgð kjörstjórnar eða Stúdentaráðs? Forseti svarar því að ákvörðun um hvernig megi safna undirskriftum - eða annars konar ákvarðanir - sé tekin af kjörstjórn. Ábendingunni verður komið áleiðis fyrir næstu kjörstjórn í næstu kosningar.

**3. Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

- ix. Lagabreytingartillaga nr. 20 vegna: 33. gr., framkvæmd kosninga.** Í IX. kafla um kosningar og kjörstjórn er bæði kveðið á um framkvæmd kosninga í húsakynnum háskólans og rafrænar kosningar. Síðastliðin ár hafa kosningar til bæði Stúdentaráðs og háskólaráðs farið fram á innri vef Háskóla Íslands, nánar tiltekið á Uglunni. Hins vegar, ef ske kynni af einhverjum tilfallandi ástæðum að kosningar verði að fara fram í byggingum skólans hefur Stúdentaráð skýr fyrirmæli um hvernig þeim skuli háttað. Til þess að aðgreina þessa tvo valmöguleika betur er hér lagt til að þeir liðir sem kveða á um aðra hvora framkvæmd verði að töluliðum undir viðeigandi liðum. Þannig breytast b. og c. liðir um rafrænar kosningar í i. og ii. töluliði, og h-liður í ii. tölulið um kosningar í húsakynnum Háskólans.

**1. Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

- x. Lagabreytingartillaga nr. 21 vegna: 37. gr., hagsmunaskrá Stúdentaráðs.** Lagt er til að sviðsráðsmeðlimir séu sérstaklega taldnir upp, líkt og nefndarmeðlimir og Stúdentaráðsliðar, þar sem sviðsráð er eining innan kerfisins og meðlimir þess ekki undanskildir upplýsingaskyldu í hagsmunaskrá Stúdentaráðs.

**1. Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

8. Önnur mál 19:09-19:16

*Other issues*

- a. Jóna Gréta og ERLingur leggja fram tillögu undir önnur mál. Tillagan snýst um ákall um aukið fjármagn í rannsóknir á sviði jafnréttismála hjá Rannís. Tillagan barst samdægurs og því þarf að kjósa um að taka hana til afgreiðslu.

**i. Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

*Stúdentaráðsfundur*

*13. apríl 2022*

**T I L L A G A**

**að ákalli um aukið fjármagn í rannsóknir á sviði jafnréttismála**

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð skrifi og sendi ályktun á stjórn Jafnréttissjóðs Íslands og forsætisráðherra þar sem skorað er á að auknu fjármagni sé varið í rannsóknarsjóði Rannís á sviði jafnréttismála og veitt verði úr sjóðnum ár hvert.

### Rökstuðningur

Á árabílinu 2016–2020 var tæplega 455.000.000 kr. úthlutað úr Jafnréttissjóði Íslands til 132 verkefna til Rannís. Verkefni sem hlutu styrk úr Jafnréttissjóði Íslands á tímabilinu fela í sér þekkingarsköpun eða miðlun þekkingar á sviði jafnréttismála. Verkefnin koma á ýmsu formi, í doktorsrannsóknnum eða öðrum fræðilegum rannsóknnum, útgáfu bóka, greinasafna, myndbanda og kvikmynda svo eitthvað sé nefnt. Markmið Jafnréttissjóðs Íslands er að vinna gegn misrétti og efla jafnrétti. Verkefnin sem hlutu styrk úr Jafnréttissjóði Íslands á tímabilinu snerta hvert og eitt markmið sjóðsins.

Árið 2021 var gríðarleg skerðing á úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands. Líkt og sjá má í töflunni hér að neðan.

Tafla 1: Úthlutun úr Jafnréttissjóð til styrktar verkefna á sviði jafnréttis 2019-2021.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi verkefna styrkt	Úthlutun (mill. kr.)
2019	76	17	91
2020	88	19	92
2021	81	8	25

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 2021 kemur fram ástæða fyrir þessari skerðingu. Í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna var tímabundin aukning Jafnréttissjóðs Íslands á fjárlögum árána 2016–2020. Þegar því tímabili lauk lækkuðu framlög til sjóðsins verulega (niður í 30 milljónir) og þar með úthlutanir úr sjóðnum<sup>1</sup>.

Ef vísað er í orð stjórnar Jafnréttissjóðs árið 2020 er enn langt í land í jafnréttisbaráttunni þrátt fyrir 455 m.kr. sem úthlutað var úr sjóðnum á 4 árum<sup>2</sup>. Mikilvægt er að þessi málaflokkur mæti ekki afgangi þegar kemur að forgangsroðun fjármuna stjórnvalda þar sem baráttunni er hvergi nærri lokið og þess vegna teljum við ríka ástæðu til endurskoðunar á þessari ákvörðun. Eins hefur

verið ákveðið að veita styrki úr sjóðnum á tveggja ára fresti í stað árs fresti samkvæmt nýjum reglum um úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands<sup>3</sup>. Við köllum eftir því að veitt verði úr sjóðnum ár hvert og þessi tímabundna aukning verði til frambúðar eða komið verði til móts við fjölda umsókna sem hafa ekki fækkað milli ára.

*Jóna Gréta Hilmarsdóttir, sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs  
Erlingur Sigvaldason, forseti jafnréttisnefndar SHÍ*

ii. Jóna Gréta og Erlingur mæla fyrir tillögunni. Spurningar úr sal snúa að því hvers vegna fjármagnið hefur minnkað. Jóna Gréta segir að það hafi í rauninni alltaf verið lág upphæð og að hún hafi hækkað í tilefni 100 ára kosningaafmæli kvenna.

**iii. Atkvæðagreiðsla: samþykkt einróma með 12 atkvæðum**

b. Annað mál frá Birtu sem spyr hvort að það sé til aðgangur að minnisblaði verkefnastýru um fjölskyldumálin. Forseti segir að það sé ekkert mál að setja það á heimasvæði SHÍ í Outlook strax eftir fund!

9. Fundi slitið 19:16

*Meeting ends*